



Erindisbréf fyrir upplýsingatækniteymi (UT-teymi)

1. Staðsetning í stjórnýslu sveitarfélagsins:

UT-teymi heyrir undir fjármála- og stjórnýslusvið og er undir stjórn tölvuumsjónarmanns. Í nefndinni eru jafnframt eftirtaldir nema að annað sé sérstaklega ákveðið af byggðarráði samkvæmt tillögu frá teyminu; Sviðsstjóri fjármála- og stjórnýslusviðs, þjónustu- og upplýsingafulltrúi, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og sviðsstjóri veitu- og hafnasviðs. Dagleg umsjón tölvu- og upplýsingatæknimála er í höndum tölvuumsjónarmanns og þjónustu- og upplýsingafulltrúa eftir því sem við á.

2. Hlutverk teymisins er:

- ✓ Að vera stefnumótandi og leggja línurnar um skipulag tölvumála og hugbúnaðarmála, rafræna stjórnýslu og upplýsingatækni sveitarfélagsins almennt.
- ✓ Tölvuumsjónarmaður vinnur endurnýjunaráætlun fyrir tölvu- og hugbúnað í tengslum við vinnu við starfs- og fjárhagsáætlun hverju sinni. Tölvuumsjónarmaður leggur fyrir fund UT-teymis til umfjöllunar og afgreiðslu tillögu, eftir samráð og yfirferð með stjórnendum sveitarfélagsins. UT-teymið leggur tillöguna sína til umfjöllunar og afgreiðslu byggðaráðs.
- ✓ Að fylgjast með þróun í rafrænni stjórnýslu og nýjungum í heimi upplýsingatækninnar og leggja til breytingar á kerfum og/eða innleiðingu á nýrri tækni ef það er til hagsbóta fyrir sveitarfélagið og starfsmenn.
- ✓ Að fylgja því eftir að sá tölvu- og hugbúnaður sem fjárfest er í sé nýttur þannig að notagildið sé sem mest. Hluti af því er að hvetja til að þekking starfsmanna á tölvu- og hugbúnaði vaxi samhliða.
- ✓ Tölvuumsjónarmaður er ábyrgðaraðili hvað varðar öryggi upplýsinga og aðgang að netþjónum og kerfum. UT-teymi er á varðbergi almennt hvað varðar öryggismál gagna og aðgangsmála upplýsingakerfa sveitarfélagsins.
- ✓ Að hafa samskipti við önnur sveitarfélög í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar tölvu- og upplýsingatæknimál sveitarfélaga.
- ✓ Auk þeirra verkefna sem eru talin hér að framan og þeirra laga og reglugerða sem eiga við um verkefni UT-teymis getur sveitarstjórn falið því önnur verkefni sem falla að hlutverki þess.

3. Heimildir:

- ✓ UT-teymið hefur fullnaðarumboð að ganga frá tölvu- og hugbúnaðarkaupum svo lengi sem það er innan starfs- og fjárhagsáætlunar hverju sinni og í samræmi við innkaupreglur sveitarfélagsins.
- ✓ Tölvuumsjónarmanni er heimilt að færa tölvur og tölvubúnað á milli stofnana og fyrirtækja eftir því sem þurfa þykir þegar um endurnýjun / kaup á nýjum tölvubúnaði er að ræða. Tilfærslur á tölvubúnaði skal gera í samráði við forstöðumann í hverri stofnun / fyrirtæki fyrir sig. Gengið er út frá því að ef talin er þörf á endurnýjun þá sé viðkomandi tölvubúnaður verðlaus fyrir viðkomandi stofnun/fyrirtæki og ekki þurfi



- ✓ að koma til endurgjalds á milli stofnana/fyrirtækja. Í sérstökum tilfellum gæti sú staða komið upp að það þurfi að endurnýja nýlegan tölvubúnað og er þá tölvuumsjónarmanni heimilt að verðleggja tölvubúnaðinn sem fara á milli stofnana og/eða fyrirtækja. Ef til ágreinings kemur varðandi tilfærslu á tölvubúnaði þá skal tölvuhópurinn taka málið til umfjöllunar og er hópnum heimilt að kalla eftir álitum frá fleiri aðilum ef þurfa þykir.

4. Fundir:

Teymið fundar að jafnaði 4 sinnum á ári eða oftar ef þurfa þykir.

Fundarboð ásamt dagskrá skal sent út og fundargerð rituð.

Yfirfarið á fundi UT-teymis 09.09.2020.

Samþykkt á 954. fundi byggðaráðs þann 10.09.2020

Staðfest á 327. fundi sveitarstjórnar þann 15.09.2020.